

Sustainability Related Disclosures

Transparency of the promotion of environmental and social characteristics

Version history	Date
V.1	1 December 2022
V.2	30 April 2025

Transparency of the promotion of environmental and social characteristics

Product name (the "Fund")	LEI number
Blackstone High Yield Corporate Bond Fund (UCITS)	635400AH8DXC6S6V7W58

This disclosure is made in respect of the Fund pursuant to Article 10(1) of Regulation (EU) 2019/2088 of the European Parliament and of the Council of 27 November 2019 ("**SFDR**") as supplemented by the Commission Delegated Regulation 2022/1288 of 6 April 2022. This disclosure should not be used as a basis for a decision to invest in the Fund. Such a decision should be based on the prospectus of Blackstone Systematic Credit UCITS ICAV and the supplement relating to the Fund, as amended, restated or supplemented from time to time (the "**Offering Documents**"). In case of discrepancy between this disclosure and the Offering Documents, the Offering Documents shall prevail. This disclosure has been prepared in good faith, but the matters referred to within do not reflect binding aspects of the management of the Fund except to the extent that they are such under the Offering Documents. Defined terms not otherwise defined have the meaning given to them in the Offering Documents.

a) Samantekt

Fjárfestingarmarkmið sjóðsins er að skila ávöxtun, eftir gjöld og kostnað, sem er meiri en árangur BofA Merrill Lynch US High Yield Constrained Index to US Dollars („**vísitalan**“). Sjóðurinn hefur einnig það markmið að takmarka kolefnisfótspor fyrirtækjaskuldabréfasafns síns til að það vegið kolefnisfótspor („**vegið kolefnisfótspor**“) þess sé a.m.k. 50% lægra en vísitölunnar.

Þeir umhverfislegu og/eða félagslegu þættir sem sjóðurinn stuðlar að eru:

1. beina fjármagi til fyrirtækja sem draga úr endurverðlagningu til langs tíma og verðlækkunaráhættu í tengslum við umhverfislegar og félagslegar ástæður með því að meta sjálfbærni útgefenda í gegnum sjálfbærni ferli sem lýst er nánar hér að neðan („**sjálfbærni ferlið**“). Sjálfbærni ferlið er hannað til að milda aukna hættu á fjárhagslegu tapi í tengslum við slíka útgefendur og
2. minnka vegið kolefnisfótspor sjóðsins miðað við vísitöluna hvað varðar fyrirtækjaskuldabréfasafn sitt.

Sjóðurinn kann að ráðast í eina eða fleiri „sjálfbærar fjárfestingar“ í skilningi 17. mgr. 2. gr. reglugerðar um upplýsingagjöf („**sjálfbærar fjárfestingar**“) en skuldbindur sig ekki til slíkra fjárfestinga. Sjóðurinn hefur ekki sjálfbærar fjárfestingar sem markmið.

Sjóðurinn kann að fjárfest í umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi eins og hún er skilgreint í reglugerð (ESB) 2020/852 („**fjárfestingar samkvæmt flokkun**“) en skuldbindur sig ekki til slíkra fjárfestinga þar sem fjárfestingaráætlun sjóðsins felur ekki í sér að leitast með virkum hætti við að fjárfesta samkvæmt flokkun og því er metið lágmarkshlutfall fjárfestinga samkvæmt flokkun núll prósent.

Sjóðurinn hyggst fjárfesta að lágmarki 80% af eignum sjóðsins í fjárfestingum sem uppfylla umhverfislega og félagslega þætti sem sjóðurinn stuðlar að. Einnig er ráðgert að þetta 80% lágmark feli í sér 100% af skuldagerningasafni sjóðsins. Þau 20% sem standa eftir geta falið í sér fjárfestingar aðrar en kjarnafjárfestingar, í afmörkuðum tilgangi, svo sem í reiðufé og afleiðugerningum í tilgangi eignasafnsstjórnunar, áhættuvarnar og lausafjárstýringar.

Ef sjóðurinn greinir í ársskýrslu sinni frá því að hlutfall fjárfestinga samræmist flokkun kunna slíkar tölur að vera sóttar úr opinberum gögnum og/eða jafngildum upplýsingum sem fengnar eru frá félögum sem fjárfest er í. Í sumum kringumstæðum getur einnig verið stuðst við viðbótarmat og mat sem byggt er á upplýsingum af öðrum uppruna. Ekki er gert ráð fyrir því að einn eða fleiri endurskoðendur votti talnagögn eða að einn eða fleiri þriðju aðilar yfirfari þau.

Sjóðurinn getur fjárfest tímabundið í opinberum eða hálfopinberum skuldabréfum. Ólíklegt er að hægt verði að meta hvort slík staða í opinberum eða hálfopinberum skuldabréfum stuðli að umhverfislega sjálfbærri starfsemi.